

66. kirkjuþing 2024 - 2025

11. mál – þskj. 11a

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um fjölbreyttara safnaðarstarf fyrir fjölskyldufólk.

Flm. Hilda María Sigurðardóttir.

Kirkjuþing 2024 - 2025 tekur undir ályktun kirkjuþings unga fólksins um að þörf sé á að sóknir séu hvattar til að bregðast við ólíkum þörfum fjölskyldna með því að bjóða uppá fjölbreyttara safnaðarstarf sem miðar að barnafjölskyldum. Sóknarnefndir verði hvattar til að bregðast við ólíkum þörfum fjölskyldna með því að bjóða uppá fjölbreyttara safnaðarstarf á breiðari vettvangi t.d. með því að bjóða upp á samverur seinnipart dags til viðbótar við hefðbundnar hádegissamverur í sunnudagaskólanum.

#### Greinargerð.

Sunnudagaskóli og foreldrafræðsla hafa hingað til verið veigamesti þátturinn í helgihaldi og fræðslu fyrir börn og foreldra/forráðamenn barna á aldrinum 0-5 ára.

Flytjendur máls þessa telja að þjóðkirkjan þurfi að bjóða uppá fjölbreyttari aðstæður til að mæta þörfum fjölskyldna með ung börn. Bent er á það sem reynst hefur vel í Lágafellskirkju en þar hefur verið boðið uppá svokallaðar „Úlfa stundir“ einu sinni til tvisvar í mánuði, seinnipart á virkum dögum. Þar hefur verið lagt upp með afslappað umhverfi, fræðslu og máltíðar samfélag. Þar með skapast dýrmætt samfélag fyrir foreldra og börn þar sem skírnarfræðslu er sinnt.

Með því að bjóða uppá samverur seinnipart dags í miðri viku til viðbótar við hefðbundnar hádegissamverur í sunnudagaskólanum væri kirkjan að mæta þörfum fjölskyldna þeirra barna sem nýta hádegin til svefns. Ákall er á að kirkja í sókn með skírnarfræðslu í samhengi við samfélagið mæti fjölskyldufólki með fjölbreyttum hætti. Hvatning til sóknarnefnda um að bjóða uppá sambærilegar stundir geti eflt kirkjuna til framtíðar og skilað sér í breiðari þátttöku sóknarbarna.

Ekki er gert ráð fyrir að mikill kostnaður hljóti af samþykkt tillögunnar.